

## Á fundi sínum í dag samþykkti stjórn Ölmú íbúðafélags hf. ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020

Rekstrartekjur samstæðunnar voru 2.585 m.kr. á árinu. Þá nam EBITDA (rekstarhagnaður fyrir matsbreytingu, afskriftir og fjármagnsliði) ársins 1.456 m.kr. Tap varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð 155 m.kr. Handbært fé frá rekstri nam 677 m.kr. á árinu.

Heildareignir samstæðunnar námu 46.946 m.kr. þann 31. desember 2020, en þar af voru fjárfestingareignir að andvirði 42.510 m.kr. Vaxtaberandi skuldir námu 29.634 m.kr. og eigið fé samstæðunnar var 12.487 m.kr.

### María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Ölmú íbúðafélags:

„Það var tvennt sem einkenndi rekstur Ölmú íbúðafélags á árinu. Annars vegar hefur félagið unnið að endurskipulagningu eignasafnsins með sölu óhagkvæmari eininga, og fækkaði íbúðum í rekstri um 126 á árinu. Hins vegar lokaði félagið skammtímaleigustarfsemi sinni á öðrum ársfjórðungi í kjölfar Covid-19 og setti allar íbúðir í hefðbundna langtímaleigu. Þetta hefur hvort tveggja töluverð áhrif á afkomu félagsins, en EBITDA dróst saman um 214 m.kr. frá fyrra ári og heildarafkoma um 177 m.kr. Á sama tíma sjáum við hins vegar fjármagnsgjöld félagsins lækka og handbært fé frá rekstri aukast um 139 m.kr.

Í þeim þrengingum sem ganga nú yfir hagkerfið vegna Covid-19 faraldursins hafa styrkleikar íbúðafélaga komið berlega í ljós. Langtímaleiga á vegum faglegra félaga, með áherslu á búsetuöryggi og hátt þjónustustig, hefur fest sig í sessi á íslenskum húsnæðismarkaði og eftirspurnin hefur haldist sterk í gegnum þá miklu niðursveiflu sem við sáum á árinu. Á sama tíma hafa vanskil ekki aukist nema að litlu leyti og einungis var samið um frestun á 0,97% af árstekjum í tengslum við Covid-19 úrræði félagsins. Þá er lausafjárstaða félagsins afar sterk.

Veruleg tækifæri felast í því að vinna áfram með efnahagsreikning félagsins, bæði með frekari breytingum á eignasafninu og endurfjármögnun skulda. Alma gekk í gegnum söluferli á árinu og þegar kaup Langasjávar á hlutafé félagsins hafa gengið í gegn verður félagið í sterku eignarhaldi reynslumikils aðila með skýra framtíðarsýn. Við lítum því björtum augum til framtíðar.“

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri, í síma 774 0604 eða maria@al.is.